



16. september 2022

Fyrirspurn Viðreisnar um framkvæmd og stöðu barnaverndarmála í Garðabæ

1. Hvaða úrræði hefur Fjölskyldusvið/barnavernd til þess að vista börn utan heimilis kynforeldra sinna, til dæmis neyðarvistun og fósturráðstafanir einhvers konar?
2. Hversu mörg börn hafa frá upphafi árs 2020 verið vistuð utan heimilis kynforeldra sinna í Garðabæ og hvernig skiptist þessi vistun milli þeirra úrræða sem Fjölskyldusvið hefur úr að ráða? Hvernig skiptast þau á milli ára?
3. Hversu oft frá upphafi árs 2020 hefur ekki tekist samvinna kynforeldra um gerð eða framkvæmd stuðningsaðgerða skv. 5. grein um hlutverk Fjölskylduráðs Garðabæjar varðandi meðferð mála er undir barnaverndarnefnd heyra og umboð til starfsmanna?
4. Reglur um hlutverk Fjölskylduráðs Garðabæjar, meðferð mála og umboð til starfsmanna eru frá árinu 2003 og eru elstu reglur barnaverndar á landinu öllu. Frá þessum tíma hafa lög um barnavernd tekið miklum breytingum. Hvaða greinar í þessum reglum hafa misst gildi sitt nú þegar eða vísa á ranga staði í lögum eða reglugerðum?
5. Hvaða greinar í núverandi reglum fjölskylduráðs um hlutverk, meðferð mála og umboð til starfsmanna má ætla að falli úr gildi við fulla innleiðingu farsældarlaga?
6. Hvaða vinna hefur hafist nú þegar eða klárast til þess að uppfæra reglur Fjölskylduráðs um hlutverk, meðferð mála og umboð til starfsmanna?
7. Hvaða verklagsreglum vinna starfsmenn barnaverndar eftir við móttöku tilkynninga og mat á alvarleikastigi þeirra? Hvenær voru þær gefnar út upphaflega? Hvenær voru þær síðast uppfærðar? Hvernig eru þessar verklagsreglur unnar og hver staðfestir þær?
8. Hversu margar tilkynningar hefur barnavernd Garðabæjar fengið frá upphafi árs 2022? Hvað eiga þau við um mörg börn, hvernig skiptast þau milli ára og aldurs barna? Hvernig flokkast tilkynnendur milli almennings, starfsmanna skóla, starfsmanna frístunda og lögreglu eða annarra flokka?
9. Hvers konar úrræði eða handleiðslu hafa starfsmenn barnaverndar Garðabæjar úr að ráða við snemmtækan stuðning, inngrip í málum eða við annan málarekstur? Hvaða aðilar framkvæma þau úrræði (Garðabær, stofnanir, einkaaðilar)?
10. Hvenær hafa kynningar á verkefninu Velferð barna í Garðabæ verið haldið frá upphafi árs 2020 meðal starfsmanna?
11. Hversu hátt hlutfall starfsmanna Garðabæjar hafa fengið upprifjun eða kynningu á frá upphafi árs 2020? Hvernig skiptist það hlutfall niður á hvert svið eða stofnanir?
12. Hversu hátt hlutfall nýrra starfsmanna frá upphafi árs 2020, hafa fengið kynningu á verkefninu Velferð barna í Garðabæ? Hvernig skiptist það hlutfall niður á hvert svið eða stofnanir?